

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 – 1999

Nr. 11

26

5. janúar 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Keilugrandi 1.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. janúar 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 18. ágúst 1997.

Breytt er landnotkun á lóðinni Keilugrandi 1 úr blönduðu stofnana og íbúðarsvæði í athafna- og íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 5. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 12

4. janúar 1999

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1999 vera 477.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Faney Óskarsdóttir.

Nr. 13

6. janúar 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi.

1. gr.

Árgjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

A. Íbúðir	kr. 9 500
B. Sumarhús	kr. 4 750

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 750/1998 um sorphirðu í Reykhólahreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 7.400 pr/hund á ári.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 31. maí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 2. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 3.500 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í 7.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.